

2. gr.

Árlega skal verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, um jólin, til að gleðja með fátæk börn, sem dvelja á sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Höfuðstólinn má aldrei skerða. $\frac{1}{4}$ hluti vaxta, gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggist við höfuðstól.

138

11. ágúst

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma skipuð sjúkrahússnefnd kaupstaðarins og sé gjaldkeri sjúkrahússins jafnframt gjaldkeri sjóðsins. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarins.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem sjóðsstjórn telur heppilegast á hverjum tíma.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, 25. apríl 1947.

Ólafur Kristjánsson.

S A M Þ Y K K T

139

12. ágúst

fyrir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

3. gr.

Skyllt er öllum húseigendum í Bakkagerðisþorpi að greiða stofngjald til Vatnsveitufélags Bakkagerðiskauptúns, nema til komi ákvæði vatnalaga, 3. kafli 23. gr. 2, enda hafa þeir fyrir afnot af vatni því, er félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma eftir ákvæðum þeim, sem samþykkt þessi greinir.

Stofngjald telst hér sú upphæð, er kom á hvern félagsmanna, er vatnsveitan var lögð.

4. gr.

Kosnaði við upphaflega lagningu aðalleiðslu vatnsveitunnar skal jafnað niður á öll hús í kauptúninu, en innlögn kostar hver húseigandi. Félagsstjórn ákveður hvað telst aðalleiðsla.

Þar, sem vatnsveitan er lögð með mjög takmarkaðri pípuviðd, skal stofnkostnaður greiddur að fullu þegar er vatnsveitan hefur verið lögð.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega með kr. 25.00 fyrir hverja innlögn eða íbúð. Skal honum ásamt þeim stofngjöldum, er til kunna að falla, varið til viðhalds og lagningar viðbótar aðalleiðslu eftir því, sem með þarf. Heimilt er stjórninni með samþykki lögmeats aðalfundar, að leggja á sérstakt aukagjald til viðhalds eða viðbótarlagningar, ef þörf krefur.

Vatnsskatt og stofngjald má taka lögtaki.

139

12. ágúst

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og féhirðir. Skulu þeir annast innheimtu gjalda, bókun fundargerða og eftirlit vatnsveitunnar, að fylgt sé settum reglum, umsjón með hreinsun vatnsbóls, viðhalds og viðbótarlagnir eftir því, sem fyrir er lagt, eða með þarf á hverjum tíma.

6. gr.

7. gr.

Formaður kveður saman aðalfund á tímabilinu apríl—maí ár hvert. Skulu þar rædd þau mál, sem fyrir liggja og teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og kosin stjórn til eins árs og 2 endurskoðendur til eins árs. Aðalfundur er lögmaður ef $\frac{3}{5}$ hluthafa atkvæði eru mætt á fundinum. Eitt atkvæði skal vera fyrir hvert stofngjald.

Formaður boðar til fundar þegar er stjórnin sér ástæðu til.

8. gr.

Þar sem vatnsbólið er brunnur, skal fara sparlega með vatnið eftir því, sem við verður komið og er hverjum húseiganda skylt að sjá um, að ekki sé látið renna vatn að óþörfu.

9. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af samþykkt þessari, skal reka fyrir gestarétti í Borgarfirði eða Seyðisfirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gíslí Jónasson.

140

12. ágúst

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Hnífsdalskaupþún.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsa lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.